

Um verðmæti m/b Eldingar eru ekki aðrar upplýsingar í málinu en ágizkun umboðsmanns stefnanda.

Með hliðsjón af framangreindum atvikum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 380.000.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 55.000.00.

Dómkröfur stefnanda njóta sjóveðréttar í m/s Venusi, GK 519, samkvæmt 3. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963, og er sjóveðrétturinn ófyrndur, sbr. 233. gr. sömu laga.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Guðmundur Guðmundsson skipstjóri.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Gíslason s/f, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, MB 14, kr. 380.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags og kr. 55.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, fyrir til-dæmdum kröfum.

---

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 134/1971. **Kexverksmiðjan Esja h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Friðriki Kristjánssyni vegna Hótels Esju og Hótels Esju h/f** (Sveinn Snorrason hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Ármann Snævarr.

Firmanafn.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1971 og krafizt þess, „að viðurkennt

verði með dómi réttarins, að stefnda Friðriki Kristjánssyni hafi verið óheimilt að nota nafnið Esja í firmanafni sínu, er hann fékk skrásett sem Hótel Esja hinn 6. marz 1970, og sem heiti hlutafélags, er hann stofnaði í framhaldi af firmanu Hótel Esja samkvæmt tilkynningu, birtri í Lögbirtingarblaði 2. júní 1971, og sé stefnda Friðriki Kristjánssyni skylt persónulega og vegna hins stefnda hlutafélags að láta má nafnið Esja úr hlutafélagaskrá að viðlögðum kr. 1.000.00 dagsektum. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda Friðriks Kristjánssonar persónulega og vegna Hótel Esju h.f. in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti“.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kexverksmiðjan Esja h/f, greiði stefnda, Friðriki Kristjánssyni vegna Hótel Esju og Hótel Esju h/f, málskostnað í Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júlí 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Kexverksmiðjan Esja h/f höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 11. júní 1970, á hendur Friðriki Kristjánssyni, Sunnuvegi 29, Reykjavík, sem einkaeiganda Hótel Esju, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. janúar 1934 var firmað „Verzlunin Esja“ skrásett sem smásöluverzlun í Reykjavík, og eigandi hennar er talinn Sigurjón Sigurðsson, Sogabletti 3. Hinn 15. apríl er skráð í firmaskrá Reykjavíkur, að Ingibergur Pálsson, Bergstaðastræti 28, hafi keypt firma þetta 1. janúar 1935. Stefndandi kveður Kex-

verksmiðjuna Esju h/f hafa verið stofnsetta síðari hluta ársins 1934. Snemma á árinu 1935 hafi Ingibergur Pálsson, eigandi firmans „Verzlunin Esja“ selt Kexverksmiðjunni Esju h/f nafnið „Esja“. Í lok sama árs hafi lokagreiðslur fyrir nafn þetta farið fram og um líkt leyti muni „Verzlunin Esja“ hafa hætt starfsemi sinni. Hefur stefnandi lagt fram ljósrit úr viðskiptadagbók Kexverksmiðjunnar Esju h/f frá desember 1935, en samkvæmt þeim ljósritum hefur stefnandi greitt hinn 5. og 13. desember 1935 Ingibergi Pálssyni samtals kr. 100.00 fyrir „Esju“-nafnið.

Hinn 13. apríl 1937 var H/f Kexverksmiðjan Esja skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Tilgangur félagsins er „verksmiðjurekstur á alls konar kexi og kökum og skyldur atvinnurekstur“.

Stefnandi kveður það hafa verið af vangá, að „Verzlunin Esja“ hafi þá ekki verið tekin af firmaskrá. Hinn 6. marz 1970 gerði stefnandi kröfu til þess, að firmað „Verzlunin Esja“ verði tekin út af firmaskrá í Reykjavík nú þegar. Var þetta gert hinn 10. marz 1970.

Hinn 6. marz 1970 var firmað „Hótel Esja“ skrásett í firmaskrá Reykjavíkur. Tilgangur þess er „veitinga- og gistihúsarekstur og annar skyldur atvinnurekstur“, þar til samnefnt hlutafélag hefur verið stofnað og tekið við rekstri hótelsins.

Einkaeigandi firmans er skráður Friðrik Kristjánsson, Sunnuvegi 29, Reykjavík, sem er stefndi í máli þessu.

Hinn 22. desember 1970 er tilkynnt til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að hlutafélagið Hótel Esja h/f hafi verið stofnsett. Birtist tilkynning þessi í Lögbirtingablaði nr. 34, 64. árgangi, er út kom miðvikudaginn 2. júní 1971. Tilgangur hlutafélags þessa er sagður hinn sami og Hótel Esju hér að framan.

Við munnlegan flutning málsins hinn 28. f. m. gerði lögmaður stefnanda breytingar frá kröfum sínum í stefnu, vegna þess að Hótel Esja h/f hafði verið skrásett, eftir að stefnt var í máli þessu. Eru kröfur stefnanda í málinu svohljóðandi:

„Að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefnda hafi verið óheimilt að nota heitið „Esja“ í firmanafni sínu og sem heiti hlutafélags þess, er hann stofnaði í framhaldi af firmanu „Hótel Esja“ og ber nú nafnið „Hótel Esja h.f.“, og sé stefnda skylt persónulega og vegna hlutaféalginsins að láta má þetta nafn úr hlutafélagaskrá að viðlögðum 1.000 króna dagsektum. Þá krefst stefnandi einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, Friðriks Kristjánssonar, persónulega og vegna „Hótel Esju h.f.“ in solidum“.

Lögmaður stefnda, Friðriks Kristjánssonar, lýsti því yfir, að Hótel Esja h/f mundi telja sig bundna af niðurstöðu þessa dóms. Mætti lögmaðurinn einnig í málinu af hálfu Hótel Esju h/f, sem mætti óstefnd við hlið stefnda, Friðriks Kristjánssonar.

Dómkröfur varnaraðilja í máli þessu eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að hann hafi verið einkaeigandi og notandi „Esju“-heitisins í næstum 36 ár fyrir framleiðslu sína og einnig sem símnafni, þar til hinn 6. marz 1970, að firma stefnda hafi verið skráð undir sama heiti í Reykjavík. Verði því að telja, að stefnanda beri einum réttur til „Esju“-heitisins, og þar sem nöfn fyrirtækja þessara séu svo lík, að það geti valdið stefnanda margs konar vandræðum, kveðst stefnandi ekki eiga annars úrkosti en að gera kröfur til þess, að stefndi leggi niður nafnið á fyrirtæki sínu, enda hafi allar tilraunir til þess að fá stefnda til þess án málshöfðunar orðið árangurslausar. Til frekari áréttingar kröfum sínum bendir stefnandi á mikilvægi þess, að firmanafn njóti lögverndar. Fyrirtæki, sem starfað hafi um árabíl og njóti trausts almennings, sé firmanafnið mjög mikils virði. Almennigur þekki firmanafnið og viðurkenni það og í viðskiptum sé nafnið trygging viðskiptavina fyrir öruggri þjónustu og góðri vöru. Firmavirðið, „Goodwill“, sé þannig borið uppi af firmanafninu. Sé því nauðsynlegt að einkaréttur eiganda sé tryggður, því ef öðrum fyrirtækjum sé óhindrað leyft að taka upp sömu heiti, þá leiði það til óvissu og til þess, að villzt verði á einkennum og grafið sé undan ofanefndu trausti. Ákvæði 9. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84 frá 1933 eigi einmitt að tryggja það, að fyrirtæki, sem notar með fullum rétti löglegt firmanafn sitt, fái notið lögverndar. Þá vitnar stefnandi enn fremur máli sínu til styrktar til 10. gr. firmalaga nr. 42/1903 og 8. gr. laga nr. 102/1961 um verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Varnaraðili rökstyður sýknukröfu sína með því, að auk framangreindra firma, sem öll eigi það sameiginlegt að bera eða hafa borið fjallheitið „Esja“ sem hluta af firmanafni sínu, megi geta þess, að um áratugaskeið eða um svipaðan tíma og „Verzlunin Esja“ hafi verið skrásett hér í Reykjavík, hafi einnig verið skrásett verzlun með sama nafni á Akureyri. Verzlun með sama nafni hafi einnig verið skráð á Kjalarnesi um nokkurra ára skeið. Þá

hafi eitt af skipum Skipaútgærðar ríkisins, sem heimili á í Reykjavík, að jafnaði borið heitið „Esja“.

Framangreind þrjú firmu hafi haft á hendi óskyldan atvinnurekstur og firmaheitin sjálf hafi ótvírætt gefið til kynna, hvers konar atvinnurekstur hvert þeirra um sig hafi haft á hendi. Einmitt vegna þessa ólíka atvinnurekstrar, sem þessi þrjú skrásettu firma hafi haft og nafngift þeirra gefi raunar til kynna, megi telja næsta ólíklegt, að nokkur ruglingur eða óþægindi geti af því orðið fyrir nokkurt þeirra, þótt þau hafi öll tekið upp í heiti sitt nafnið „Esja“. Þetta hafi einnig verið skoðun stefnanda á árinu 1934, er Kexverksmiðjan Esja h/f hafi verið stofnsett. Verksmiðjan hafi tekið til starfa snemma á árinu 1935, en þá hafi verið starfandi í Reykjavík „Verzlunin Esja“, sem skrásett var 12. janúar 1934. Með öðrum orðum, það hafi þá verið skoðun stefnanda, að honum væri heimilt að taka upp firmaheitið „Esja“ á kexverksmiðju sína, þótt sama firmaheiti væri á smásöluverzlun. Þessi skoðun stefnanda hafi þá verið rétt. Hún sé ennþá rétt.

Varnaraðili bendir á það, að engar takmarkanir séu settar fyrir því, að ákveðin kennileiti eða fjallaheiti séu tekin sem hluti af firmanöfnum, en hinn hluti firmanafnsins gefi þá að jafnaði til kynna starfsemi viðkomandi firma. Sýnist þetta vera mjög eðlileg regla og í einna beztu samræmi við þarfir hér á landi. Þá er mótmælt sérstaklega þeirri staðhæfingu stefnanda, að hann hafi keypt einkarétt til notkunar á „Esju“-nafninu á árinu 1935. Mótmælir varnaraðili því, að nokkur einn maður hafi á þeim tíma haft slíkan ráðstöfunarrétt yfir því nafni, að enginn annar mætti undir nokkrum kringumstæðum nota það. Þá er það einnig vefengt, að stefnandi hafi haft heimild til þess að láta afmá úr firmaskrá Reykjavíkur firmanafnið „Verzlunin Esja“.

Þá vekur varnaraðili athygli á orðalagi, sem sé í forsendum allmargra íslenzkra dóma þannig: orðið (firmanafnið) „vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur“. Orðalag þetta telur varnaraðili benda ótvírætt til þess, að íslenzkir dómstólar viðurkenni þá reglu, að heimilt sé að nota sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni, ef í nafninu í heild felist annars upplýsingar um atvinnurekstur eða starfsemi eða nafnið veki a. m. k. hugmynd um atvinnureksturinn. Ef um óskyldan atvinnurekstur sé að ræða, svo að ekki sé hætt á, að almenningur eða viðskiptaaðiljar ruglist á fyrirtækjum, eigi ekkert að vera því

til fyrirstöðu, að fleiri en einn aðili noti sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni sínu. Þetta helgist af langri venju.

Varnaraðili bendir á eftirfarandi dæmi um starfandi fyrirtæki, sem þannig hafi tekið orð eða heiti í firmanafn sitt, sem fyrir sé í öðru firmaheiti:

Hótel Borg — Kjötbúðin Borg.

Hótel Vík — Verzlunin Vík.

Hótel Saga — Ferðaskrifstofan Saga.

Hótel Holt — Verzlunin Holt.

Hótel Hekla — Heildverzlunin Hekla.

Heildverzlunin Edda — Prentsmiðjan Edda og svo frv.

Af framanskráðu telur varnaraðili ljóst, að stefnandi eigi ekki lögvarinn einkarétt til notkunar á „Esju“-nafninu sem slíku, öðruvísi en í firmaheitinu: „H.f. Kexverksmiðjan Esja“. Af þeirri ástæðu eigi hann heldur enga kröfu á hendur varnaraðilja í máli þessu.

Kexverksmiðjan Esja h/f og Hótel Esja h/f eru fyrirtæki, sem vinna hvort á sínu starfssviði. Starfsemi hvors um sig er auðkennd í firmanafni hvors fyrirtækis. Verður því eigi talið, að um ruglingshættu milli þessara tveggja firmaheita sé að ræða. Ekki verður heldur á það fallið, að stefnandi hafi með skrásetningu firmanafns síns, „Kexverksmiðjan Esja h.f.“, og eftirfarandi notkun þess öðlazi einkarétt til notkunar nafnsins „Esja“, heldur sé firmavernd hans bundin við firmaheitið „Kexverksmiðjan Esja h.f.“ sem heild. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallsyni skrifstofustjóra.

### Dómsorð:

Varnaraðili, Friðrik Kristjánsson vegna Hótel Esju og Hótel Esju h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Kexverksmiðjunnar Esju h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.